

# Bútasaumssamkeppni STORKSINS í samstarfi við GÜTERMANN

## FERÐALAG

**STORKURINN** efnir til bútasaumssamkeppni í samstarfi við tvinnaframleiðandann Gütermann.  
Þemað er: **FERÐALAG**.



**Veitt verða þrenn verðlaun.**

- 1. verðlaun:** Tvinnaskja frá Gütermann með 64 tvinnakeflum (andvirði 35.000 kr.) og gjafabréf frá Storkinum fyrir 15.000 kr.
- 2. verðlaun:** Tvinnaskja frá Gütermann (andvirði 5.000 kr.) og gjafabréf frá Storkinum að upphæð 10.000 kr.
- 3. verðlaun:** Tvinnaskja frá Gütermann (andvirði 5.000 kr.) og gjafabréf frá Storkinum að upphæð 7.500 kr.

### Þáttökureglur:

- Þátttaka er heimil öllum sem áhuga hafa á bútasumi.
- Þáttökugjald er 1.200 kr. og innifalinn er efnisbútur 50 x 55 cm og 300 m stungutvinnakefli frá Gütermann. Þáttökupakkinn fæst í Storkinum og er sendur án póstkostnaðar út á land.
- Aðferð er frjáls, hefðbundin eða óhefðbundin, en teppin þurfa að vera með þrjú lög, efra byrði, vatt og bak.
- Nota þarf a.m.k. 50% af efnisbútsins sem er innifalinn í þáttökugjaldinu og Gütermann vélstungutvinnann til að stinga teppið í vél eða höndum.
- Lögun verksins er frjáls en ummál verkanna skal vera á bilinu 180 til 200 cm eða t.d. 40x50, 40x60 eða 50x50.
- Þemað getur hver og einn túlkað að eigin ósk.
- Frágangur á verkinu er frjáls að öðru leyti en því að það má ekki vera í ramma.
- Setja skal upphengi á verkið.
- Verkið skal vera eigin hönnun en nota má hefðbundin bútamunstur að vild.
- Nafn höfundar skal haldið leyndu þar til ljóst er hver hefur hlotið verlaunin. Því má ekki merkja teppið á framhlið verksins, en merkingu á bakhlið skal hylja. Upplýsingar um höfund skal setja á skráningarblað sem fylgir og setja í umslag sem er nælt við bakhlið teppisins.
- Dómnefnd skipa fulltrúi Gütermann Inger Delfs, fulltrúi Storksins Guðrún Hannele og fulltrúi Íslenska bútasaumsfélagsins.
- Storkurinn mun sýna verkin að samkeppni lokinni, nánar auglýst þegar þar að kemur.
- Verkið berist Storkinum, Laugavegi 59, 2. hæð, 101 Reykjavík, í síðasta lagi **1. október 2011**.